

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

Norðurlandi vestra, 3. nóvember 2021

Skilað rafrænt á Samráðsgátt stjórnvalda.

Umsögn; Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu, mál nr. 184/2021

Í Samráðsgátt stjórnvalda eru til umsagnar drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu, mál nr. 184/2021, með umsagnarfresti til 11. nóvember 2021.

Stjórn SSNV tekur heilshugar undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um málið, þar sem lagst er gegn því að reglugerðardrögin taki gildi í óbreyttri mynd. Jafnframt er tekið undir sjónarmið sem fram koma í umsögn sveitarfélaga á starfssvæði samtakanna.

Auk efnislegra athugasemda sem gerðar eru í framangreindum umsögnum vill stjórn SSNV sérstaklega áréttta það sem fram kemur í umsögn Húnaþings vestra um vinnubrögð við samráð. Í svo viðamiklu máli sem varðar hagsmuni mikils hluta landsins hefði nær verið að senda drögin beint á sveitarfélög og landshlutasamtök sem hagsmuna eiga að gæta í stað þess að setja málið umsagnarferli án formlegrar tilkynningar.

Stjórn SSNV áskilur sér rétt til að veita umsögn um málið á seinni stigum.

F. h. Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri